

Sjálfssálit + trú á eigin námsgetu = nemendur færir í flestan sjó



Skólaárið 2015- 2016



Markmið verkefnisins:

- Að efla trú nemenda á eigin námsgetu.
- Að finna kveikju að metnaði fyrir nemendur
- Að bæta sjálfsálit nemenda
- Að efla leiðtogafærni nemenda
- Að gera nemendur sjálfa ábyrga fyrir sínu eigin námi, auka áhuga þeirra og metnað.
- Að nemendur finni tilgang með náminu.
- Að auka samvinnu heimilis og skóla

Leiðir sem valdar voru:

- Vinaliðaverkefni í frímínútum
- Sjálfstyrkingarnámskeið hjá skólasálfræðingi
- Stjórn Nemendafélags Stóru-Vogaskóla fékk ábyrgðafull verkefni og leiðtogafærni þeirra eflid.

Frávik miðað við upphaflega áætlun verkefnisins:

- Vendikennsla var ekki innleidd
- Leiðsagnarmat var ekki innleitt en fengum tvisvar kynningar frá Mentor, sú seinni var nú í júní svo leiðsagnarmatið fylgir með þar

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

- Hindranir voru ekki margar en helst þær að við hefðum viljað meiri tíma

Helstu ávinningar:

- Jákvæðir, samviskusamir og áhugasamir nemendur sem við ótrúlega færir að lesa úr niðurstöðum nemendakannana Skólapúlsins. Nemendur öðluðust sjálftraust og stóðu allt í einu frammi fyrir því verkefni að tjá sig og hafa skoðanir fyrir framan aðra nemendur, bæjarstjóra og bæjarfulltrúa.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Það má með sanni segja að verkefnið hafi haft áhrif á skólastarfið í heild.
- Vinaliðaverkefnið: Nú er fyrsti vinaliðaveturinn í Stóru-Vogaskóla liðinn. Verkefnið hefur gengið frábærlega og allir ánægðir með þetta nýja skipulag í frímínútunum. Gaman er að sjá hvað krakkarnir taka góðan þátt í leikjunum og eru dugleg að kenna hvert öðru. Í vetur höfum við smátt og smátt náð að bæta við leikföngum og áhöldum, bæði með ábendingum frá krökkunum sjálfum og í samskiptum við vinaliða annarra skóla. Á hvorri önn hafa valist 20 krakkar úr 3.-7. bekk og fara þau öll á vinaliðanámskeið í upphafi annar, öll hafa þau staðið sig vel. Í lok hvorrar annar er farið í þakkarferð með vinaliðahópinn. Í janúar fórum við í skautahöllina og nú í maí fórum við með hópinn á Klambratún í leiki og í keiluhöllina og fengu báðir hóparnir pizzuveislu. Hlökkum til að halda áfram með þetta frábæra verkefni.
- Sjálfsálit, námskeið á vegum skólasálfræðings: Nemendur voru ánægðir með námskeiðið sem lauk núna 10.janúar og fannst okkur það skila sér á ýmsan hátt sem kemur fram síðar.
- Vinna með stjórn nemendafélagsins. Sú vinna var sérlega ánægjuleg og árangursrík, fundir með skólastjórnendum og kennurum við undirbúning **skólapings** sem haldið var með nemendum í 6.-10.bekk. Umræðuefni þingsins var niðurstöður úr nemendakönnunum Skólapúlsins síðustu ár, hvar hefði gengið vel og hvaða atriði þyrfti að bæta.

Stjórn nemendafélagsins rýndi í niðurstöðurnar ásamt kennara og skólastjóra, og kynntu þau þær síðan fyrir nemendum í 6.-10.bekk. Að því loknu var nemendum skipt í hópa og þau ræddu niðurstöðurnar og komu með ýmsar hugmyndir til úrbóta. Til þessarar vinnu höfðu þau 80 mínútur og í miðju kafi gerðum við stutt hlé og allir fengu kakó og kex.

Í stuttu máli sagt stóðu nemendur sig alveg frábærlega vel, bæði þeir sem kynntu, hópstjórar og þátttakendur allir. Allir voru jákvæðir, frjóir og áhugasamir.

Síðan unnu nemendur plaköt með niðurstöðunum sem prýddu ganga skólans.

Skólalæpingið sem haldið var er afrakstur hugleiðinga stjórnar nemendafélagsins og nokkurra kennara skólans. Þau eru endalaust að taka þátt í könnunum og hafa niðurstöður verið notaðar í innra mati skólans að einhverju leyti. Nú fengu þau að vera með þegar við rýndum í niðurstöðurnar eins og áður hefur verið lýst og er sú vinna sem liggur þar að baki bæði búin að vera gagnleg og skemmtileg. Það er líka gaman að segja frá því að þegar þessi vinna hófst hjá stjórn nemendafélagsins á síðasta skólaári, spurði nemandi í 10.bekk þegar PISA könnun var lögð fyrir hópinn „hvenær fáum við svo að sjá niðurstöður úr þessari könnun“?

Niðurstöður verkefnisins:

Skólalæping/Kynning á verkefninu fyrir bæjarfulltrúum og félagsþjónustu: Við framkvæmd verkefnisins kom í ljós að nemendur í stjórn nemendafélagsins styrktust á hverjum undirbúningsfundi, þeir urðu bæði margir og langir, sérstaklega þegar á reyndi og þau þurftu að tala fyrir framan hóp af nemendum. Þau fengu skýr skilaboð frá kennurum og skólastjóra, sem sátu fundina og undirbjuggu þau, að það væri þeirra að kynna og segja skýrt frá. Mikill tími fór í að ræða mikilvægi þess að hafa trú á eigin getu, hvernig ætti að fá aðra nemendur til að átta sig á því og hve mikilvægt það væri að þau hrósi hvert öðru þegar þau standa sig vel, taka sig á. Það var áberandi eftir frábært gengi liðsins í Skólahreysti (flestar þeirra eru í stjórn nemendafélagsins), allir að hrósa þeim og klappa, að þau sjálf bentu á að stuðningsmannaliðið ætti líka hrós skilið og þjálfarinn.

Lýðræðislegri vinnubrögð-nemendalýðræði: Það hefur farið mjög mikið fyrir kynningum og frásögnum á verkefninu á starfsmannafundum og það hefur haft þau áhrif að starfsmenn eru meðvitaðri um mikilvægi samtals og rökræðu. Markmið okkar var að efla leiðtogafærni nemenda og að þannig myndum við styrkja sjálfsálit þeirra, við teljum að sú vinna sé í góðum farvegi og hún mun halda áfram.

Markmiðin voru:

- Að efla trú nemenda á eigin námsgetu:
 - Nemendur á unglingsstigi tóku þátt í stærðfræðikeppni grunnskólanema í FS, tveir þeirra lentu í 1. og 2.sæti í sínum árgangi
 - Skólahreystiliðið náði lengra en nokkru sinni áður, flest þeirra í stjórn nemendafélagsins og formaður stuðningsmannaliðsins formaður
 - Nemandi á miðstigi vann til tvennra verðlauna í Nýsköpunarkeppni grunnskóla nú í vor
 - Nemendur í auknu mæli að nýta bókasafnið til heimanáms
 - Það eru enga líkara en að alda stuðnings og hvatningar gangi yfir skólann og við leyfum okkur að vera stolt af því. Okkar verkefni er nú að halda verkefninu gangandi.
- Að finna kveikju að metnaði fyrir nemendum: Kveikjan var sú í fyrsta lagi að leyfa nemendum að leggjast yfir niðurstöður úr nemendakönnun Skólalæpingarinnar, spá í súlurit, línurit, prósentur o.fl. Við tengdum það stærðfræðinni og gekk það ótrúlega vel, það kom okkur á óvart hve fljót þau voru að átta sig, við þurftum greinilega að efla okkar trú á þeim!

- Að bæta sjálfsálit nemenda: Við teljum að sjálfsálit þeirra hafi aukist við undirbúning og úrvinnslu Skólalþings, sem allir nemendur í 6.-10.bekk tóku þátt í. Sjálfstyrkingarnámskeið hjá sálfræðingi lauk 10.júní en heldur áfram í haust. Við bindum vonir við þá vinnu.
- Að efla leiðtogaþæfni nemenda: Það hefur svo sannarlega gengið vel og höfðu þau orð á því sjálf, sérstaklega eftir kynningarfund á verkefninu þar sem bæjarstjórar, bæjarfulltrúar og félagsþjónusta Sandgerðis, Garðs og Voga tók þátt. Þau voru líka duglegri að koma til skólastjóra með ýmsar hugmyndir að verkefnum.
- Að gera nemendur sjálfa ábyrga fyrir sínu eigin námi, auka áhuga þeirra og metnað. Með mikilli hvatningu frá kennurum teljum við nemendur á rétttri leið. Það er gaman að segja frá því að í verkmenntatímum, nýsköpun og smíði, í 8.bekk, hefur það gengið sérlega vel. Þar skipulögðu þau t.d. sjálf ferðalag/útilegu sem þau fóru síðan í með nokkrum ættingjum. Það má segja að þar hafi þau fengið góða leiðtogaþjálfun þar sem þau sáu alfarið um undirbúning og framkvæmd en kennarar stóðu á hliðarlínunni og leiðbeindu eftir þörfum. Þau báru líka ákveðna ábyrgð á að vel tækist til.
- Að nemendur finni tilgang með náminu. Það er okkar verkefni eftir sem áður og hefur námsráðgjafi aukið fræðslu og ráðgjöf sem teygir sig í alla bekk skólans.
- Að auka samvinnu heimilis og skóla. Samvinna við heimilin hefur verið mjög góð og kemur það fram í foreldrakönnun Skólalþingsins.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

- Nemendur kynntu þessa vinnu sína fyrir bæjarstjórum nokkurra sveitarfélaga á Suðurnesjum, bæjarstjórnnum og félagsþjónustunni í febrúar.
- Nemendur munu einnig kynna verkefnið á aðalfundi foreldrafélagsins í haust.
- Skýrsla verður birt á heimasíðu skólans og í fréttabréfi frá skólastjóra.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa Sprotasjóð um:

Afrakstur þessarar vinnu er að öllum líkindum sterkari námsmenn, metnaðarfullir nemendur sem hafa trú á eigin getu og er dæmi um það að nemendur í valinu Skólhreysti á unglingsstigi lentu í þriðja sæti af næstum 120 skólum sem tóku þátt í lokakeppni 20.apríl, og hér er umsögn bæjarstjórans í pistli sem fór vítt og breitt: „.....þau lönduðu þriðja sætinu. Þessi árangur færir okkur heim sanninn um það góða starf sem fram fer í Stóru-Vogaskóla, og staðfest er m.a. í nýlegum starfsmanna- og foreldrakönnunum. Ekki er að efa að verkefnið sem skólinn hefur staðið fyrir undanfarið og gengur út á að efla trú nemenda á eigin getu hafi einnig sitt að segja. Nemendurnir sem skipa keppnisliðið eru sannar fyrirmyndir og sýna svo ekki verður um villst að unnt er að ná markmiðum sínum með dugnaði, elju, vinnusemi, skýrri sýn og ekki síst jákvæðni“. Skólalþing er komið til að vera !!!!

Við trúum því að verkefnið hafi haft miklu meiri áhrif en við þorðum nokkurn tímann að vona. Skólalþingur sem var mjög góður hefur eflst. Jákvæðni, eftirvænting og kraftur einkennir fas nemenda í meira mæli en áður var.

Vogum í maí 2016

Svava Bogadóttir, skólalþingari og verkefnisstjóri